



Reykjavík, 12. desember 2022
Tilvísun: 202212-0001/00.03

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um skjaldarmerki frá 1881 á framhlið Alþingishússins.

Þjóðminjasafnið fagnar þeirri tillögu sem fram er komin um að færa framhlið Alþingishússins í upprunalegt horf með því að koma þar fyrir tveimur skjöldum sem teknir voru niður. Tveir skildir frá Alþingishúsinu eru varðveittir í safninu: Þjms- 8197/1920-155 með upphleyptum fálka og Þjms- 8198/1920-156 með þremur ljónum. Um skildina á Alþingishúsinu skrifaði Matthías Þórðarson Þjóðminjavörður (1908-1947):

Skildir þeir tveir, sem hjengu á framhlið Alþingishússins frá því er það var bygt og þar til er Þjóðminjavörður ljet taka þá ofan og flytja upp á lopt í Safnahúsinu vorið 1911 þar eð honum þóti óhæfa að hafa annan þeirra, sem er með ríkisskjaldarmerki Danmerkur, á Alþingishúsinu. Hafði áður borið á óánægju yfir þessum skjöldum, ekki síður hinum, sem er með skjaldarmerki Íslands, því að fyrrum, til 1903, var á honum þorskmerkið, sem margir höfðu ýmugust á : nú er á honum fálkamerkið.

Ef tillagan verður samþykkt leggur Þjóðminjasafnið til að skildirnir verði endurgerðir. Skjöldurinn með útflöttum þorski, er ekki varðveittur og þarf því að styðjast við teikningar og ljósmyndir við endurgerð hans.

Virðingarfyllst,

Harpa Þórsdóttir
Þjóðminjavörður